

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Flekkudals í Kjósarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 20 ágúst 2015 tvær deiliskipulagstillögur í landi Flekkudals. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagstillögurnar voru afgreiddar samhliða breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017.

Flekkudalur, deiliskipulag frístundabyggðar á Nesi.

Skipulagssvæðið er 2,62 ha og gerir ráð fyrir fimm frístundahúsalóðum.

Flekkudalur, deiliskipulag íbúðarhúsabyggðar og íbúðarlóðar við Meðalfellsvatn.

Skipulagssvæðið er rúmlega 14 ha og innan svæðisins er skilgreind ein íbúðarhúsalóð og 15 lóðir fyrir frístundahús.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 30. desember 2015.

Jón Eiríkur Guðmundsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2016